

## Samkomulag um fyrirkomulag veiða á makríl milli

### Eskju hf og AFLs Starfsgreinafélags 2021.

Áhafnir og útgerðir Aðalsteins Jónssonar SU 11, Jóns Kjartanssonar SU 111 og Guðrúnar Þorkelsdóttur SU 211 munu afla hráefnis fyrir uppsjávarvinnslu Eskju hf vertíðina 2021 þ.e. 20. júní til 31. ágúst.

Fyrirkomulag veiða verður með þessum hætti: Aðalsteinn Jónsson SU, Jón Kjartansson SU og Guðrún Þorkelsdóttir SU hafa með sér samstarf á veiðislóð, afli sem veiddur er er settur í eitt skip sem siglir með aflann í vinnslu. Síðan er aflað í næsta skip og það siglir með aflann í vinnslu o.s.frv.

Dæmi: Aðalsteinn SU er á veiðum og Jón kemur á miðin og hjálpar Aðalsteini við veiðar svo hann geti farið í land með 800-1000t, Guðrún Þ er á útleið og hjálpar Jóni svo við veiðar svo hann komist sem fyrst í land með 800-1000t. Svona gæti þetta gengið koll af kolli, þannig að skipin þurfi að stoppa sem minnst á miðunum og koma með sem ferskastan afla að landi.

Í lok mánaðar er verðmætum allra skipanna skipt í hlutfalli þ.e. 33,33% á skip og er það notað í launauppgjöri til áhafna.

Samkomulag þetta gildir um makrílafra að hámarki 5.660 t á skip eða 16.980t fyrir þessi 3 skip.

Samkomulagið byggir á að skipstjórnarmenn vinni saman með það í huga að nýta skipakost (veiðigetu) og vinnslu sem best.

Það er ljóst að ef langt er að sækja og veiði er treg þá myndast biðtími hjá skipunum á miðunum. Með samkomulagi þessu eru menn að leitast við að nýta tímann sem best til veiða, og að burðargeta skipanna nýtist betur og gæði aflans verði betri.

Samkomulagið fer í leynilega atkvæðagreiðslu meðal félagamanna AFLs sem starfa á skipunum

F.h Eskju hf



F.h AFLs með fyrirvara um samþykki félagsmanna

